



Félagsmálaráðuneytið

Reykjavík 10. janúar 2020

Meðfylgjandi eru vangaveltur Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að nýjum lögum um samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

## Vangaveltur og ábendingar vegna draga að nýjum lögum um samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn athugasemdir við drögin að lagafrumvarpi um samþættingu velferðarþjónustu í þágu barna.

Að mati Barnaheilla hefur á undanförnum mánuðum og nú árum átt sér stað góð vinna við samráð um breytingar til góðs hvað varðar þjónustu við börn, en heilmikil þörf er á breytingum. Mikilvægt er að áfram verði vandað til verka svo raunverulegar umbætur nái alla leið til barna í samfélaginu.

Heilt yfir virðast drögin geyma spennandi tillögur að breytingum og opna á nýja nálgun og umgjörð um börn sem þurfa á stuðningi að halda. Barnaheill fagna sérstaklega tillögum um að lögfesta snemmtæka íhlutun og teymisvinnu þeirra sem veita þjónustu til barna.

Eftirfarandi vilja Barnaheill benda á:

Frá upphafi er gríðarlega mikilvægt að tryggja fjármögnun allra liða. Fjárfesting í börnum er fjárfesting til framtíðar og sparar gríðarlega fjármuni með því að koma í veg fyrir að vandi þróist og haldi áfram að valda barninu vandkvæðum í gegnum lífið.

Um einstakar greinar:

### 4. grein – um Velferðarráð barna

Barnaheill fagna þessari tillögu um að sett verði á stofn Velferðarráð barna. Samtökin vilja þó benda á að börn þurfa að eiga sæti í Velferðarráði. Tilnefna þarf fulltrúa úr hópi barna, allra helst tvo, svo þau geti með góðu móti unnið í nokkru jafnvægi við hina fullorðnu, svo börn hafi aðgang að því að móta þær tillögur sem Velferðarráð fjallar um. Börn búa yfir mikilvægum upplýsingum um það hvernig er að vera barn í nútímasamfélagi og því eiga þau mikilvægu hlutverki að gegna í Velferðarráði barna. Sér í lagi þar sem Velferðarráði er ætlað að vera stefnumótandi um velferð barna þá er aðkoma barna nauðsynleg að mati Barnaheilla. Börn eiga rétt á að tjá sig um mál sem þau varðar sbr. 12. gr. Barnasáttmálans.

### 6. grein – um stjórnslu samþættingar og fræðslu

Gert er ráð fyrir því í greininni að Barna- og fjölskyldustofa annist þverfaglega fræðslu til þeirra sem vinna að samþættingu. Við þetta vilja Barnaheill staldra til að nýta tækifærið og benda á að það þarf að auki að lögfesta að menntastofnanir, svo sem Háskólar, annist fræðslu um velferðarþjónustu við börn og sér í lagi um barnavernd og árvekni, forvarnir og viðbrögð við og gagnvart ofbeldi gegn börnum. Allt of lítil fræðsla á sér stað um þá þætti í námi þeirra starfsstétta sem vinna fyrir og með börnum. Úr því þarf að bæta sem hluta af breytingum á kerfinu öllu. Aðeins félagsráðgjafanemar fá slíka fræðslu að því er best hefur verið að komist. Barnaheill gerðu úttekt á framboði innan háskólanna á námi um barnavernd og kynferðisofbeldi á árunum 2007 og aftur árið 2014 sem leiddi af sér þessa þekkingu.

Varðandi III. kafla, 9. og 10. greinar um annað og þriðja stig stuðnings.

Að mati Barnaheilla er mikilvægt að lögfesta tímaramma í þágu þess besta fyrir barnið.

Í dag eru tveir tímarammar hjá sveitarfélögum, fyrst í almennt mat hjá sálfræðingum á skólaskrifstofu sveitarfélags, það getur tekið mánuði upp í ár að fá slíkt mat sem er allt of langur tími. Ef svo þarf sérhæfðara mat er sú bið jafnvel enn lengri.

Ung börn þurfa að hafa forgang í mat og greiningar ef sérhæfður stuðningur er aðeins veittur eftir slíkt sérhæft mat. Að öðrum kosti þarf að tryggja barni þjónustu á skjótan hátt þó mat hafi ekki farið fram.

Stundum er stuðningur nægilegur til foreldra og barna saman án þess að beðið sé eftir matsferli.

Barnaheill leggja til að þak verði sett á það hversu lengi að hámarki barn geti beðið eftir slíku mat, snemmbæru eða sérhæfðu mati. Í dag er það alvarlegt að barn þurfi að bíða í ár eftir mati hjá Greiningastöð ríkisins.

Að mati Barnaheilla kæmi til greina að lögfesta einhverskonar viðurlög fyrir stofnanir, virði þær ekki tímaramma og hámarks málsmeðferðartíma. Ef biðlistar myndast og lengjast fram úr hófi þarf að ráða fleiri þjónustuaðila. Ef ekki er nægilega brugðist við til að eyða biðlistum og stytta biðtíma þarf að bregðast við með einhvers konar viðurlögum.

Biðtími getur valdið varanlegum skaða þar sem þroskaferli barna heldur áfram að verða fyrir skakkaföllum á biðtímanum og á meðan ekki er hlúð að þeim sem allra fyrst. Heilmikil þekking er nú til um afleiðingar streitu á heilabroska barna. Með þá vitneskju er vitað að barn getur ekki beðið í 6 – 12 mánuði eftir stuðningi. Það er tími sem er óafturkræfur í lífi barns og getur valdið varanlegum skaða ef ekki er brugðist hratt við.

Heildarniðurstaða Barnaheilla: drögin hafa að geyma spennandi hugmyndir sem þarf að þróa áfram og bæta við tímamörkum og hámarksbiðtíma eftir þjónustu. Mikilvægt er að tryggja þátttöku barna og að börn eigi sæti í nefndum og ráðum sem fjalla um stefnumótun og tryggja þarf fjármögnun.